

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000 nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, og óskast staðfest, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt falli úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu Búðardals nr. 186 6. júní 1973 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Borðeyrar.

1. gr.

Vatnsveita Borðeyrar er sjálfstætt fyrirtæki, sem hreppsnefnd Bæjarhrepps í Strandasýslu rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og fyrirtækja á Borðeyri, eftir því sem við verður komið og nánar greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Vatnsveitan hefur einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi yfirstjórn veitunnar, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar er hreppsnefnd felur honum.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

Skýlt er hverjum húseiganda að láta gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband nema samþykki hreppsnefndar komi til. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

5. gr.

Skýlt er þeim sem nota vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum umsjónarmanns veitunnar um efni og viðhald vatnsæða sinna og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram, ef þess er kostur.

6. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem metin eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá skal greiða árlega vatnsskatt og nemur hann sem næst 0.17% (0.17 af hundraði) fasteignamats húsa og lóðar eins og það er á hverjum tíma.

Lágmarksgjald hvernar sjálfstæðrar íbúðar eða fasteignar skal þó aldrei vera lægra en kr. 12 000.

7. gr.

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða aukavatnsskatt sem hér segir:

- a. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar eða iðnaðar kr. 100 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- b. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsi skal greiða sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind kr. 20. Á hvern stórgrip 6 mánaða og yngri kr. 100 en á eldri stórgripi kr. 150.
- c. Fyrir þvottaplön til þvotta á bifreiðum skal greiða árlega kr. 45 000.

Fyrir önnur vatnsnot en að framan greinir ákveður hreppsnefnd greiðslu hverju sinni.

Lágmarksgjald og aukavatnsskattur skulu hækka árlega í samræmi við hækkun fasteignamats á veitusvæðinu.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkv. reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild eða einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast reikningshaldari sveitar- sjóðs reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. mars ár hvert og greiðist hann í einu lagi, en auka- vatnsskattur samkv. a, b og c lið 7. gr. greiðist ársfjórðungslega. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddögum falla á hann dráttarvextir.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000 eitthundrað þúsund — nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps stað- festist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 21. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.